SUZUKI

Way of Life!

# ACROSS




ACROSS



# FARÐU ALLA LEIÐ.

**Vertu á Across og farðu yfir tálmana. Umhverfisnýjung tengiltvinnbílsins mætir frelsi fjórhjóladrifins sportjeppa. Niðurstaðan er hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja. Núna fær þig ekkert stöðvað.**





# FARÐU GEGN STRAUMNUM.

**Farðu gegn tískustraumum og fylgdu þinni innri rödd. Sterkleg yfirbyggingin, sportleg hönnunaratriði og dirfskan í formlínum Across eru vitnisburður um sjálfstæða hugsun.**


ACR



# FARÐU GEGN TAKMÖRKUNUM.

**Kveddu þær takmarkanir sem fylgja hefðbundnum rafbílum og borgarjeppum. Across býr yfir afli, sparneytni og akstursdrægi tengiltvinntækninnar. Málamiðlanir eru óþarfar.**









## Efldu andann og dragðu úr losun og eldsneytisnotkun.

**Upplifðu þýða og tafarlausa viðbragðið og hljóðlátu vinnsluna frá hátæknivæddri og umhverfisvænni tengiltvinnaflrás. Rafgeymir með mikilli orkurýmd og 2,5 lítra vélin stuðla að akstursánægju til langframa.**

### Tengiltvinnaflrás

Aflmikill rafmótorinn skilar þýðri, hljóðlátri og togmikilli vinnslu sem tryggir þægilegan akstur í dagsins önn. Við akstur á meiri hraða skilar bensínvélin viðbótarafli og líka þegar þörf er fyrir meiri hröðun. Hún sér líka til þess að allir komist á áfangastað í lengri ferðum. Rafgeymirinn er hlaðinn með einföldum hætti heima við eða á hleðslustöð.

### 2,5 lítra vél

Slagrými bensínvélarinnar er 2,5 lítrar. Hún hleður rafgeyminn og skilar viðbótarafli í hröðum akstri. Hún skiptir milli innsprautunar um soggöng (PFI) og beinnar strokkinnsprautunar (DI) eftir akstursaðstæðum hverju sinni. Þannig næst hámarks skilvirkni í bruna sem dregur úr eldsneytisnotkun og losun.


ACROSS








# Aktu af öryggi í snjó og hálku.

**E-Four (rafknúið 4x4 kerfi) stuðst við sjálfstæðan rafmótor að aftan sem dreifir átaki á hagstæðastan hátt til afturhjólanna með tilliti til akstursaðstæðna. Þannig viðheldur búnaðurinn hámarks gripi og stöðugleika og ökumaður hefur fullt vald á bílnum í hálku. Aldrifið tryggir stöðugleika í akstri, dregur úr undirstýringu þegar beygt er á hálum vegi og stuðlar að fyrirsjáanlegri aksturseiginleikum við ólíkar akstursaðstæður.**

## Trail stilling

Trail stillingin stöðvar snúning hjóla sem missa grip í akstri á snæviþöktum vegum eða á ójöfnum vegslóðum. Kerfið beinir átaki til þeirra hjóla sem hafa grip og aðlagar inngjöf og skiptingarmynstur að aðstæðum svo hægt sé að halda ferðinni áfram af fyllsta öryggi.



## Stöðugleiki í akstri

Aldrifið dregur úr undirstýringu þegar beygt er á hálum vegi og stuðlar að fyrirsjáanlegri aksturseiginleikum við ólíkar akstursaðstæður.

## AWD samþætt stjórnun (AIM)

AIM kerfið hámarkar skilvirkni aldrifskerfisins með breytilegri átaksdreifingu, inngjöf, skiptingarmynstri, hemlun og virkni aflstýris með tilliti til akstursaðstæðna. Það styður einnig NORMAL, ECO og SPORT stillingar Drive Mode akstursstillingakerfisins.


ACROSS



## Ný kynslóð borgarjeppa með sportlegar og kraftalegar formlínur.

**Samruni sportlegra og kraftalegra útlitsþátta er grunnur þessa einstaka borgarjeppa. Útlitsþátta sem einkennast af köntuðum hornum, djörfum línum, marghyrndum flötum og svölum, sportlegum framsvip með háum stuðara og stóru opnu grilli.**





### 19 tommu álfelgur

Áberandi pússaðir fletir og svartgljáandi húðun á felgum ljá bílnum hágæða yfirbragð og kraftalegt útlit.

### LED aðalljós

LED aðalljósin eru með tveggja geisla speglun (lágum og háum ljósgeislum) og LED dagljósabúnaði sem gera svipmót bílsins einkar glæsilegt að framan.




Menu
16:00



# Þægindi og hágæða frágangur stuðla að enn meiri akstursánægju.

**Þægindi og góður frágangur í innanrými með hágæða áklæðum og glæsilegum hönnunaratriðum stuðla að einkar ánægjulegri akstursupplifun.**





## 9 tommu margmiðlunarkerfi

Kerfið er samhæft Apple CarPlay fyrir iPhone sem og Android Auto™ og MirrorLink™ fyrir samhæfða snjallsíma. Það opnar fyrir notkun appa til að hringja, vísa til vegar á skjánum, senda og taka við skilaboðum og aðgengi að uppáhalds tónlistinni og mörgu öðru.



Works with Apple CarPlay

Í gegnum Apple CarPlay notar þú iPhone til að hringja, sækja tónlist og senda og taka við skilaboðum og fá leiðsögn að áfangastað með raddskipunum í gegnum Siri eða með því að smella á skjáinn.

Apple CarPlay er fáanlegt í þeim löndum sem eru á lista á eftirfarandi hlekk:
http://www.apple.com/ios/feature-availability/#applecarplay-applecarplay
*Nánari upplýsingar, þ.á m. um iPhone gerðir sem samhæfðar eru Apple CarPlay, má sjá hér: http://www.apple.com/ios/carplay/
*Apple, Apple CarPlay og iPhone eru vörumerki Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



works with androidauto

Android Auto™ útvíkkar Android stýrikerfi snjallsímans í bílnum svo það er sérsniðið til notkunar við akstur. Uppsetningin er með þeim hætti að það lágmarkar alla truflun svo hægt sé að njóta akstursins með Google þjónustu eins og Google Maps og Google Play Music. Android Auto appið er fáanlegt í Google Play Store*.

*Android Auto er aðgengilegt í þeim löndum sem finna má á eftirfarandi lista:
https://www.android.com/auto/faq/
*Flestir snjallsímar með Android 5.0+ eru samhæfðir Android Auto:
https://support.google.com/androidauto/answer/6348019?hl=en&ref_topic=6140477
*Google, Android, Google Play og Android Auto eru vörumerki Google LLC.

## Ökumælaklasi og 7 tommu fjölupplýsingaskjár

Ökumælaklasinn og fjölupplýsingaskjárinn birta auðlesanlegar akstursupplýsingar um rafakstursdrægi, hlutfall rafaksturs af heildarakstri, hleðslustöðu, afldreifingu, g-kraft og fleira. Einnig er hægt að velja á milli stafrænnar eða hliðrænnar framsetningar á hraðamæli.



## Hiti í fram- og aftursætum

Fram- og aftursæti eru með hita í sætisbökum og setum.



## Hiti í stýri

Hiti í báðum hliðum stýrisins orna höndunum á köldum dögum.






ACROSS


ACROSS









# Rými fyrir farangur, íþróttabúnað og smærri hluti.

## Farangursrými

Góð opnun er á afturhleranum sem auðveldar aðgengi að stóru farangursrýminu. Það tekur allt að 490 lítra* af farangri af ýmsum stærðum og formum.

## Sjálfvirk opnun afturhlera

Afturhlerinn skynjar nálægð bíllykilsins og opnast með sjálfvirkum hætti þegar fótur er færður undir miðjan afturstuðarann. Þetta kemur að góðum notum þegar pinklar eru í báðum höndum.

## Notadrjúgar hirslur

Í þægilegum hirslum víða í stjórnrýminu má geyma mynt, drykki, snjallsíma og aðra smærri hluti með skipulegum hætti og innan seilingar.

* Mælt samkvæmt aðferð Samtaka þýskra bifreiðaframleiðenda (VDA).


ACROSS





# Öruggari akstur með skynrænum öryggisbúnaði.

**Þú ekur í fullkominni hugarró vitandi af hátæknivæddum öryggisbúnaði sem verndar þig og farþega þína.**

## Árekstrarvari (PCS)

PCS dregur úr líkum á árekstrum með því að fylgjast með veginum framundan með millimetra-bylgju ratsjá og myndavél. Búnaðurinn varar ökumann við hættu á árekstri að framan og aðstoðar við hemlun ef hættan eykst.




## Akreinavari (LTA)

LTA aðvarar ökumann og aðstoðar hann við að halda bílnum á miðri akrein og dregur úr líkum á því að bíllinn fari yfir á aðra akrein eða út af veginum.




## Umferðamerkjavari (RSA)

RSA fylgist með umferðarmerkjum og hafi þau farið fram hjá ökumanni sér hann þau á fjölupplýsingaskjánum.

## Skynrænn hraðastillir (DRCC)

DRCC viðheldur völdum akstursraða þegar engin önnur ökutæki eru fyrir framan bílinn og öruggri fjarlægð að næsta ökutæki á undan. DRCC stöðvar einnig bílinn þegar ökutækið á undan stöðvast og fylgir því eftir þegar það fer af stað á ný. Öllum stundum viðheldur búnaðurinn öruggri fjarlægð milli ökutækjanna.

## Blindblettsvari (BSM)

BBSM varar ökumann við ökutæki í blinda blettinum með ljósmerki á brún hliðarspegils þeim megin sem ökutækið er.




## Þverumferðarvari að aftan (RCTA)

RCTA dregur úr líkum á óhöppum þegar bakkað er út úr bílastæðum. Búnaðurinn varar ökumann við aðvífandi ökutæki í blinda blettinum með blikkandi ljósmerki í hliðarspegli þeim megin sem það nálgast.




## eCall

Við umferðaróhapp virkjar búnaðurinn björgunaraðila með símaboðum með nákvæmri staðsetningu ökutækisins.

Ath.: Aðgerðir akstursstoðkerfa ráðast af skilvirkni myndavélar, laserskynjara og ratsjárskynjara við að greina fyrirstöður, akreinar og umferðarmerki. Vegyfirborð og veðurfar geta haft áhrif á virknina. Ekki er ráðlegt að ökumenn reiði sig alfarið á þessi kerfi til tryggja öryggi heldur axli þá ábyrgð að haga akstri sínum með öruggum hætti. Leitið nánari upplýsinga hjá umboðsaðila eða á heimasíðu okkar.



# FARÐU GEGN MÁLAMIÐLUNUM.

**Farðu þangað sem hugurinn ber þig. Gerðu það sem þér býr í brjósti. Leyfðu umhverfisnýjung tengiltvinntækninnar og frelsi 4x4 borgarjeppans að styðja virkan og meðvitaðan lífstíl þinn – í Across.**



## Yfirbygging & innanrými











## Litir á yfirbyggingu



Hvítur Pearl Crystal Shine (070)



Silfur Metallic (1D6)



Grár Metallic (1G3)



Svartur Attitude Black Mica (218)



Rauður Sensual Red Mica (3T3)



Blár Dark Blue Mica (8X8)



# Helsti búnaður

| | | |
|---|---|---|
| Vél | | Bensín |
| | | 2,5 l tengiltvinnaflrás |
| Drifkerfi | | E-Four |
| Gírskipting | | E-CVT (sjálfskipting) |
| Útfærsla | | GLX |
| **UNDIRVAGN** | | |
| Hjólbarðar og felgur | 235/55R19 + álfelgur með pússaðri áferð | S |
| Varahjólbarði og felga | 165/90D18 + álfelga | S |
| **YFIRBYGGING** | | |
| Undirklæðning að framan, aftan og hliðum | | S |
| Grjóthlífar | Framan | S |
| | Aftan | S |
| Þakbogar | Svartir | S |
| Vindskeiðar | Vindskeið á þaki | S |
| Vatnskassahlíf | Svört | S |
| Hurðahúnar að utan | Samlitir | S |
| Opnun á afturhlera | Rafstýrð með fjarstýringu í stjórnrými | S |
| | Þráðlaus fjarstýring | S |
| | Sjálfvirk opnun með fæti | S |
| Tvöfalt púststerfi | | S |
| **LÝSING** | | |
| Aðalljós | LED (lágur/hár geisli) | S |
| | Heimreiðarlýsing | S |
| Hæðarstilling aðalljósa | Sjálfvirk | S |
| Sjálfvirk ljós | | S |
| Stöðuljós með dagljósabúnaði | LED | S |
| Þokuljós | Að framan | S |
| | Að aftan | S |
| Gerð þokuljósa að framan (Halogen) | | S |
| Afturljósa samstæða | LED | S |
| Grænskyggðar rúður | | S |
| Gler með vörn gegn útfjólubláum geislum | Framrúða og fremstu hliðargluggar | S |
| Skyggðar rúður | Hliðarrúður við aftursæti | S |
| | Hliðarrúður í farangursrými | S |
| | Rúða í afturhlera | S |
| Rúðuþurrkur | Að framan: 2ja hraða (hægt, hratt) + stillanlegur letingi + þvottakerfi | S |
| | Afturrúða: 1 hraði + letingi + þvottakerfi | S |
| Sjálfvirk rúðuþurrka | | S |
| Afísing á framrúðuþurrku | | S |
| Móðueyðir á afturrúðu | | S |
| Hliðarspeglar | Samlitir | S |
| | Rafstillanlegir | S |
| | Sjálfvirk aðfelling | S |
| | Hiti | S |
| | Móðueyðir | S |
| | Innbyggt stefnuljós | S |
| | BSM (blindblettsvari) ljós | S |
| Bakspegill með glýjuvörn | Sjálfvirk dimming | S |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | |
| 3ja arma stýri | Leðurklætt | S |
| | Hiti í stýri | S |
| | Stýring á hljómtækjum | S |
| | Stýring á handfrjálsum síma | S |
| | Flipaskipting | S |
| | Stilling á halla | S |
| | Stilling á aðdrætti | S |
| Upplýsingaskjár | 7 tommu LCD litaskjár | S |
| | Klukka | S |
| | Útihitamælir | S |
| | Eldsneytiseyðslumælir | S |
| | Akstursdrægi | S |
| | Gírval | S |
| | Hraði (meðalhraði/akstursrhraði) | S |
| | ECO inngjöf | S |
| | Eco frammistaða | S |
| | Akstursstoðkerfi | S |
| | E-Four skjár | S |
| | Orkunotkun eftirlitsmælir | S |
| | Leiðarupplýsingar | S |
| Áminning fyrir ljós og lykil | | S |
| Áminning fyrir öryggisbelti ökumanns | Ljós og hljóð | S |
| Áminning fyrir öryggisbelti farþega | Ljós og hljóð | S |

| | | |
|---|---|---|
| Vél | | Bensín |
| | | 2,5 l tengiltvinnaflrás |
| Drifkerfi | | E-Four |
| Gírskipting | | E-CVT (sjálfskipting) |
| Útfærsla | | GLX |
| **STÝRI OG MÆLABORÐ** | | |
| Áminning fyrir öryggisbelti í aftursæti | Ljós og hljóð | S |
| Skreyting á mælaborði | Silfurlituð | S |
| Skreyting á miðju mælaborðs | Silfurlituð | S |
| Mælaborð klætt leðurlíki | | S |
| **ÞÆGINDI** | | |
| Rafstýrðar rúður | Framan | S |
| | Aftan | S |
| Samlæsing hurða | Rofi hjá ökumanni | S |
| Fjarstýrð samlæsing hurða | Staðfesting með blikki frá neyðarljósum | S |
| Hraðastýrð hurðalæsing | | S |
| Lykillaust aðgengi og ræsing | | S |
| Loftfrískunarkerfi | Sjálfvirkt (tveggja svæða) með S-FLOW stillingu | S |
| Miðstöð | | S |
| Loftflæði í aftursætum | | S |
| Frjókornasía | | S |
| Hljómtæki | Uggaloftnet | S |
| | DAB loftnet | S |
| | Hátalarar að framan | S |
| | Hátalarar að aftan | S |
| | Hátíðnihátalarar að framan | S |
| | 9“ snertiskjár | S |
| | Hraðatengd hljómstýring | S |
| | AM/FM útvarp | S |
| | Bluetooth®* | S |
| | DAB útvarp | S |
| | Bakkmyndavél | S |
| Valskífa fyrir akstursstillingar | 3 stillingar | S |
| Hraðatakmarkari | | S |
| Hiti í sætum (jafnt framsætum sem aftursætum) | | S |
| Miðstöðvarrist í afturrými | | S |
| PTC (Positive temperature coefficient) hitari | | S |
| **INNANRÝMI** | | |
| Lýsing í farþegarými | Kortaljós að framan | S |
| | Ljós í afturrými (3 stillingar) | S |
| | Ljós í fótrými (framsæti) | S |
| | Ljós í neðra miðjustokkshólfi | S |
| | Glasahalda | S |
| | Bakki (fyrir ökumann, farþega) | S |
| Sólskyggni | Fyrir ökumann | S |
| | Með spegli | S |
| | Með lýsingu | S |
| | Passenger's side | S |
| | Með spegli | S |
| | Með lýsingu | S |
| Sólarvörn á framrúðu | | S |
| Hirsla við þak | | S |
| Handföng | Við hlið ökumanns | S |
| | Við hlið farþega | S |
| | Við aftursæti x 2 | S |
| Snagi fyrir yfirhafnir | Aftursæti x 2 | S |
| Glasahöldur | Framan x 2 | S |
| | Aftan x 2 (í miðjuarmhvílu) | S |
| Flöskuhöldur | Framan x 2 | S |
| | Aftan x 2 | S |
| Hanskahólf með læsingu | | S |
| Miðjustokkur með armhvílu | | S |
| Bakki við miðjustokk | | S |
| Gírstangarhnúður | Svartur með krómi | S |
| | Leðurklæddur | S |
| Rafstýrður stöðuhemill | | S |
| USB innstunga | Í miðjustokkshirslu | S |
| | Aftanverðum miðjustokk x 2 | S |
| 12V rafúttak | Fremri miðjustokkur | S |
| | Miðjustokkshirsla | S |
| Opnun á eldsneytisloki | | S |
| Skreyting á hurðaspjöldum | Leðurlíki | S |

| | | |
|---|---|---|
| Vél | | Bensín |
| | | 2,5 l tengiltvinnaflrás |
| Drifkerfi | | E-Four |
| Gírskipting | | E-CVT (sjálfskipting) |
| Útfærsla | | GLX |
| **INNANRÝMI** | | |
| Litur á hurðarspjöldum | Silfurlit | S |
| Innri hurðarhúnar | Satínkróm | S |
| Skreyting á fremri og aftari hurðarspjöldum | Leðurlíki | S |
| Armhvíla á hurðum | Leðurlíki | S |
| **SÆTI** | | |
| Fremri sæti | Hnakkapúðar (aðskildar gerðir) | S |
| | Vasi á sætisbaki (ökumannssæti) | S |
| | Vasi á sætisbaki (farþegasæti) | S |
| | 8 rafstýrðar stillingar á ökumannssæti | S |
| | Rafstýrð mjóbaksstilling | S |
| Aftursæti | Hallastilling á sætisbaki | S |
| | 60:40 niðurfelling | S |
| | Hnakkapúðar x 3 | S |
| Sætaáklæði | Tau + leðurlíki | S |
| Miðjuarmhvílur | Aftursæti (miðjusæti) | S |
| **FARANGURSRÝMI** | | |
| Farangurshilla | | S |
| Farangursspjald | | S |
| Snagar í farangursrými | Snagar fyrir net x 4 | S |
| 12V rafúttak í farangursrými | | S |
| Ljós í farangursrými | | S |
| **ÖRYGGI OG UMHVERFISSAMHÆFNI** | | |
| ABS með EBD aðgerð | | S |
| VSC (stöðugleikastýring) | | S |
| BSM (blindblettsvari) / RCTA (þverumferðarvari að aftan) | | S |
| PCS (árekstrarvari) | | S |
| Sjálfvirk hágeislaljós | | S |
| RSA (umferðarmerkjavari) | | S |
| Skynrænn hraðastillir á öllu hraðasviði | | S |
| LTA (akreinavari) | Viðvörun ef ekið er út af akrein | S |
| | Akreinastýring | S |
| | Viðvörun vegna akstursslags | S |
| | Akreinamiðjustýring | S |
| Brekkuvari | | S |
| TPWS (eftirlitskerfi með loftþrýstingi í hjólbörðum) | | S |
| Bílastæðavari | Framan | S |
| | Aftan | S |
| Öryggispúðar að framan | | S |
| Hliðaröryggispúðar | Framan | S |
| Öryggisgardínur | | S |
| Öryggishnépúði | Fyrir ökumann | S |
| Handstýrð afvirkun öryggispúða | | S |
| eCall | | S |
| Öryggisbelti | Framan: 3ja punkta ELR öryggisbelti með forstrekkjurum, álagstakmörkun og stillingu fyrir axlahæð | S |
| | Aftan: 3ja punkta ELR öryggisbelti með forstrekkjurum og álagstakmörkun (hliðarsæti x 2) 3ja punkta ELR öryggisbelti (miðjusæti) | S |
| ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla | x2 | S |
| Beislafesting fyrir barnabílstóla | x2 | S |
| Barnalæsing á afturhurðum | | S |
| Ræsivörn | | S |
| Tvöföld samlæsing | | S |
| Fríhjólandi lykilhólkar | | S |
| Öryggisviðvörun | Ljós | S |
| | Hurðir + vélarhlíf | S |
| LED-DRL (dagljósabúnaður) | Sambyggt aðalljósum | S |
| Hástæð hemlaljós | | S |
| Neyðarhemlunarljós | | S |
| Tengiltvinnaflrás | | S |
| GPF (bensínsótagnasía) | | S |
| Hleðslukapall | | S |

S : Staðalbúnaður - : Ekki fáanlegt * Bluetooth er skráð vörumerki Bluetooth SIG, Inc.

# Helstu tölur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjöldi hurða | | | 5 |
| Vél | | | Bensín |
| | | | 2,5 l tengiltvinnaflrás |
| Drifkerfi | | | E-Four |
| **MÁL** | | | |
| Heildarlengd | | mm | 4.635 |
| Heildarbreidd | | mm | 1.855 |
| Heildarhæð | | mm | 1.690 |
| Hjólhaf | | mm | 2.690 |
| Sporvídd | Framan | mm | 1.600 |
| | Aftan | mm | 1.630 |
| Lágmarks beygjuhringur | | m | 5,7 |
| Lágmarks vegæð | | mm | 190 |
| **RÝMI** | | | |
| Sætafjöldi | | alls | 5 |
| Farangursrými | Hámarksrými | lítrar | 1.604 |
| | Aftursæti niðurfelld (VDA mæling) | lítrar | 1.168 |
| | Aftursæti upprétt (VDA mæling) | lítrar | 490 |
| Eldsneytistankur | | lítrar | 55 |
| Orkurýmd rafgeymis | | kWst | 18,1 |
| **VÉL** | | | |
| Gerð | | | A25A-FXS |
| Fjöldi strokka | | | 4 |
| Fjöldi ventla | | | 16 |
| Slagrými | | $cm^3$ | 2.487 |
| Borvídd×slaglengd | | mm | 87,5 x 103,4 |
| Þjöppunarhlutfall | | | 14.0:1 |
| Hámarks afköst | | kW/sn.mín | 136/6.000 |
| Hámarks tog | | N·m/sn.mín | 227/3.200-3.700 |
| Eldsneytisinnsprautun | | | Innsprautun um soggöng + Bein strokkinnsprautun |
| **RAFMÓTOR** | | | |
| Framan | Hámarks afköst | kW | 134 |
| | Hámarks tog | N·m | 270 |
| Aftan | Hámarsafköst | kW | 40 |
| | Hámarks tog | N·m | 121 |
| **GÍRSKIPTING** | | | |
| Gerð | | | E-CVT (sjálfskipting) |
| **UNDIRVAGN** | | | |
| Stýri | | | Tannstangarstýrisvél |
| Hemlar | Framan | | Kældir diskar |
| | Aftan | | Kældir diskar |
| Suspensions | Framan | | MacPherson gormar |
| | Aftan | | Tvöfaldar klofspyrnur |
| Stærð hjólbarða | | | 235/55R19 |
| **VOG** | | | |
| Eigin þyngd | | kg | 1.940 |
| Heildarþyngd | | kg | 2.510 |
| **AFKÖST** | | | |
| Hámarkshraði | | km/klst | 180 |
| 0-100 km/klst | | sek | 6.0 |
| Rafakstursdrægi | | km | 75 |
| **UMHVERFISÁHRIF** | | | |
| Útblástursviðmið samkvæmt | | | Euro 6d |
| $CO^2$ losun (NEDC) | | gr/km | 26 |
| $CO^2$ losun (WLTP) | | gr/km | 22 |

Tæknilýsingin er háð breytingum án fyrirvara. Allar tölur eru samkvæmt tæknilýsingu framleiðanda. AC hleðslutæki um borð (hámarksafl) er 3,3 kW (Plug-in hleðslustýringarkerfi fyrir DC hleðslu er ekki notað).

SUZUKI

Way of Life!

**www.suzuki.is**

**Kjörorð Suzuki, „Way of Life“, er kjarninn í vörumerki okkar – öll Suzuki ökutæki, vélhjól og utanborðsmótorar eru framleiddir með það fyrir augum að vekja spennu og auðvelda viðskiptavinum okkar að njóta lífsins.**







Staðalbúnaður og valbúnaður sem í boði er getur verið breytilegur milli markaða. Vinsamlega leitið upplýsinga hjá umboðsaðila því tæknilýsingar og myndlýsingar geta átt við gerðir sem eru ekki í boði á þínu markaðssvæði. SUZUKI MOTOR CORPORATION áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði, litum, efnisvali, búnaði, tæknibúnaði, gerðum og að hætta framleiðslu gerða. Viðeigandi leyfi eru fyrir öllum ljósmyndum sem birtast í bæklingnum.

Myndir af ökutækjum án skráningarnúmera á almenningsvegum eru samsettar. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is

**SUZUKI BÍLAR HF**

Skeifunni 17, 108 Reykjavík | Sími 568 5100 | suzuki.is

ACROSS BROCHURE

99999-B1A01-001